

Nr. 20-109 S 074 Drangavík VE 80***Skipverji slasast á fingri***

Skipaskr.nr. 2048 IMO 8812045
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Drangavík © Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. desember 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 12. júlí 2020 var Drangavík VE 80 á togveiðum á SV miðum. Veður: Stinningsgola og ládaður sjór.

Skipverjinn var að bensla þríhyrnu á vængenda en þegar hann var að skera nálina frá rann hnífurinn til og fór í þumalfingur vinstri handar.

Við rannsókn kom fram:

- að hnífurinn fór í gengum vettling og skar fremsta hluta fingursins;
- að sárið var saumað saman um borð með þremur sporum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.